

| Stúdentaráðsfundur | | | |
|---|------------------------|----------|-------------|
| Dags. fundar | Tími | Staður | Nr. fundar |
| 16.12.21 | 17:00 | Oddi 101 | 7 |
| Fundarboðandi | Fundarritari | | Dags. rituð |
| Isabel Alejandra Diaz | Vaka Lind Birkisdóttir | | 16.12.21 |
| Fundaraðilar mættir | | | |
| <u>Félagsvísindasvið:</u> | | | |
| Rebekka Karlsdóttir (Röskva) | | | |
| Erna Lea Bergsteinsdóttir (Röskva) | | | |
| Stefán Kári Ottósson (Röskva) | | | |
| Ellen Geirsdóttir Haakansson (Vaka) rafrænt | | | |
| Kjartan Ragnarsson (Röskva) | | | |
| <u>Heilbrigðisvísindasvið:</u> | | | |
| Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva) | | | |
| Margrét Jóhannesdóttir (Röskva) | | | |
| Kristján Guðmundsson (Röskva) | | | |
| <u>Hugvísindasvið:</u> | | | |
| Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva) | | | |
| Anna María Björnsdóttir (Röskva) | | | |
| Draumey Ósk fyrir Brynjólf Skúlason (Röskva) | | | |
| <u>Menntavísindasvið:</u> | | | |
| Rósa Halldórsdóttir (Röskva) | | | |
| Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva) | | | |
| Erlingur Sigvaldason (Röskva) | | | |
| <u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u> | | | |
| Ingvar Þóroddsson (Röskva) | | | |
| Sindri Smárason fyrir Ingu Huld Ármann (Röskva) | | | |
| Guðrún Ísabella fyrir Helenu Gylfadóttur (Röskva) | | | |
| <u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u> | | | |
| Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ | | | |
| Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra SHÍ | | | |
| Birta Karen Tryggvadóttir, nefndarmeðlimur SHÍ | | | |
| María Sól, nefndarmeðlimur SHÍ | | | |
| Guðrún FS | | | |
| Pétur Marteinn Urbancic Tómasson FS | | | |
| Elísabet Brynjarsdóttir FS | | | |
| Brynhildur Bolladóttir FS | | | |
| Jóna Guðbjörg, nefndarmeðlimur SHÍ | | | |

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 16. desember 2021 í O-101 kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on December 16th 2021 in Oddi-101 at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:20

Announcements and issues ahead

4. Kynning á Félagsstofnun stúdenta (Kynning og umræður) 17:20-18:00

Presentation on the Icelandic Student Services

5. Hlé 18:00-18:10

Intermission

6. Ársreikningur Stúdentaráðs 2020-2021 (atkvæðagreiðsla) 18:10-18:25

The Student Council's annual financial statement 2020-2021

7. Tillaga um fæðingarstyrk námsmanna (atkvæðagreiðsla) 18:25-18:40

Proposal on maternity/paternity grant

8. Önnur mál 18:40-18:50

Other issues

9. Fundi slitið 18:50

Meeting ends

1. Fundur settur 17:10

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:10-17:11

Vote/approval on minutes from last meeting

- a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á shi@hi.is fyrir fund svo framkvæmdastýra geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.
- b. **Fundargerð samþykkt einróma**

Rósa Halldórsdóttir mætir á fund 17:12

María Sól mætir á fund 17:12

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:11-17:25

Announcements and issues ahead

- a. **Nýtt ráðuneyti háskólamála og fjárlög:** Nýtt ráðuneyti er eins og gefur að skilja óskrifað blað en búið er að tilkynna um tímabundna ráðningu í ráðuneytinu til aðstoðar ráðherra með stofnun og mótun ráðuneytisins. Stúdentahreyfingarnar þurfa að bíða og sjá hvernig það verður mótað, hvort það verði lögð áhersla nýsköpun og atvinnulífið vs. vísindi og starf háskólana. Það er engin aukning til háskólastigsins í fjárlögunum, en það eru áfram fjárveitingar með tilliti til fjölgunar nemenda. Það er mjög óhentugt fyrir háskólana að fá tímabundnar fjárveitingar, mjög erfitt að vinna með það fjármagn og er ófullnægjandi til lengri tíma. Í þessu samhengi er vert að nefna að skv. núverandi fyrirkomulagi (reiknilíkan háskólana) eru einkareknu háskólarnir að fá sama framlag til viðbótar við sértekjur sem þeir hafa heimild til að innheimta. Líkt og við vitum er vinna við endurskoðun reiknilíkansins verið í rúmt ár núna og þar hafa bæði HÍ og SHÍ komið sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi úrelt reiknikerfi og tól til að meta fjárþörf háskólastigsins.
 - i. Í fjárlög má einnig finna heimild fjármálaráðherra fyrir fasteignafélagi HÍ, heimild HÍ til að stofna félag utan um sprotafyrirtækin sín og síðast en ekki síst heimild til að kaupa Bændahöllina.
- b. **Vatnstjónið:** HÍ er að bíða eftir sérfræðilegri álitserð matsmanna sem verður sönnunargagn í dómsmáli. Vegna þessa hefur HÍ verið ráðlagt að bíða með framkvæmdir svo hann spilli ekki sönnunargögnum og veiki stöðu sína. Álitserðin hefur tekið svo langan tíma vegna óviðráðanlegra aðstæðna hjá matsmönnum. Annars eru þegar til tvær skýrslur sem snúa að umfangi tjónsins, það sem verið að bíða eftir er matsgerð sem snýr að fjárhagslegu umfangi þess. Lögfræðingar innan

skólans eru að vinna með lögfræðingi HÍ að drög að stefnu til að höfða dómsmál þegar matsgerðin er komin í hús. Í framhaldinu verður hægt að hefja framkvæmdir.

- c. **Frumvarp um breytingu á lögum Menntasjóðs námsmanna:** Flokkur fólksins hefur lagt fram [frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 \(launatekjur\)](#). Meginefni frumvarpsins er að afnema skuli frítekjumarkíð; skerðingar á framfærslu vegna tekna námsmanns. Gaman að segja frá því að herferð Stúdentaráðs er notuð sem heimild. Skrifstofan mun skrifa umsögn við frumvarpið þegar að því kemur. Þetta er á borði Vífils (lánasjóðsfulltrúa).
- i. Ingvar kemur því að það er annað frumvarp líka komið frá Þorbjörgu í Viðreisn á þingi. Isabel svarar því að það verði skoðað einnig.
- d. **Stefna Stúdentaráðs:** Skrifstofan mun skila af sér drögum af uppbyggingu í janúar og verður í framhaldinu greint frá vinnunni jafnt og þétt. Það tekur tíma að skrifa stefnuna en hún verður skiluð í lok starfsársins.
- e. **Endurskoðun atvinnuleysistryggingakerfisins:** Skrifstofan skilaði af sér minnisblaði til BHM vegna atvinnuleysisbótakröfu Stúdentaráðs. Til upprifjunnar þá á BHM fulltrúa í starfshópi stjórnvalda vegna endurskoðun laganna, sá fulltrúi er í samskiptum við SHÍ til að koma sjónarmiðum stúdentahreyfingarinnar á framfæri. Minnisblaðið má finna í fundargögnum sem viðbótagögn, annars eru upplýsingarnar sem þar koma fram sömu og þegar liggja fyrir.
- f. **Kjörstjórn:** Isabel hitti kjörstjórn og gaf þeim möppu með gögnum frá því í fyrra. Hún hitti Ara Guðna til að fara yfir nokkra hluti. Isabel býðst við því að þau fundi í byrjun Janúar.
- g. **Fundur með Félagsmálaráðherra:** 13 janúar Fundur með félagsmálaráðherra - endurskoðun atvinnuleysistrygginga og einnig ræða um ókyngreind salerni.
- h. **Prófatíð:** Jessý fer yfir þau mál sem komu upp í prófatíðinni sem tengdust Covid. Jessý nefnir það sem mætti betur fara fyrir næstu prófatíð tengt Covid. Flest málin hafa verið leyst og gengið vel að sjá um.
- i. **Stjórn Stúdentaráðs:** Hittist 8. desember og ræddi ársreikninginn, skýrsluna um húsnæðismál, hótél sögu lágvöruverðsverslunina, og önnur tilfallandi mál m.a. innan fræðasviðana.

Rebekka Karlsdóttir mætir á fund 17:20

4. Kynning á Félagsstofnun stúdenta (Kynning og umræður) 17:25-18:15

Presentation on the Icelandic Student Services

- a. Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS, kynnir starfsemi stofnunarinnar ásamt því að fulltrúar stúdenta svara spurningum; Elísabet Brynjarsdóttir, Brynhildur Bolladóttir og Pétur Marteinn Urbancic Tómasson. Forseti hefur einnig afhent Stúdentaráði minnisblað um stúdentaíbúðir á vegum FS er að finna í fundargögnum.
- b. Guðrún fer yfir ársreikninginn sem eru tvö ár yfir COVID tímabilið sem hefur haft mikil áhrif á rekstur FS. Matsbreyting fasteigna hefur breyst mjög mikið og hefur haft áhrif á hagnað FS; þrýstingur á leigu líkanið. En þrátt fyrir matsbreytinguna hefur ekki verið gerð grunnhækkun í leigu á studentagörðunum í þrjú ár. Það varð frekar hækkun á fasteignarmatinu í staðinn. Guðrún talar um umfjöllun Kjarnans um rekstur FS, sem var í raun röng umfjöllun því það er mjög skýrt að FS er alltaf rekið í núlli. Það er blandaður rekstur, í tvennu lagi. Guðrún fer einnig yfir veltuna í Hámu og stúdentakjallaranum.
- c. Opnað er fyrir spurningar frá Stúdentaráði
 - i. Stefán kemur með hugmynd/fyrirspurn um hvort að það geti ekki verið úrræði að hafa rafræna leigu á bókum. Guðrún talar um að það sé hægt að kaupa rafrænar bækur á vefsíðu þeirra.
 - ii. Spurt er um rekstur leikskólana á vegum FS. FS leikskólinn er sjálfstætt starfandi leikskóli og fær styrk frá Reykjavíkurborg, ef það væri ekki þá væri ekki hægt að reka leikskólann. Framlag sveitarfélaga er almennt ekki nógu gott. Vegna breyttra reglugerða, mun færri börn munu komast inn. Það er allt of mikið álag á starfsmönnum því munu plássin fækka fyrir börn og FS styður það
 - iii. Guðrún ræðir reksturinn í heild sinni, með hliðsjón af ársreikningi FS. Þá fer hún nánar yfir rekstur bóksölnunnar og áhrifa faraldursins á starfsemina. Lekinn á Háskólatorgi hefur einnig sett strik í reikninginn í resktri, því færri nemendur eru í HÍ en almennt gengur og gerist.

Elísabet Brynjarsdóttir mætir á fund 17:41

- iv. Fasteignagjald og leiguverð rætt. Áður var afsláttur og núna er þetta komið í styrkjarform sem getur breyst ár eftir ár. Þannig hefur FS ekki lengur styrkjarform.
- v. Spurt er hvernig nýtt rammaskipulagi háskólasvæðisins verði þróað með FS. Guðrún segir að það er ákveðinn tregða gagnvart FS, e.t.v. því skipulagið

tekur miklum breytingum eftir því sem áfram vindur í þessum efnunum, en Guðrún er með í þeim viðræðum.

Jóna Guðbjörg mætir á fund 17:58

- d. Elísabet, Pétur og Brynhildur fara yfir þeirra hlutverk innan stjórnar FS sem fulltrúar stúdenta. Það er kosið til tveggja ára í stjórn FS, síðast vorið 2021 og því sitja þau til vorsins 2023. Með þeim situr forseti SHÍ í stjórn með áheyrnarrétt og það er rökréttasta boðleiðin til stjórnar. Öllum þó velkomið að setja sig í samband við Elísabetu sem er stjórnarformaður, eða við Pétur og Brynhildi.
- e. Opnað er fyrir spurningar frá Stúdentaráði
 - i. Pæling frá stúdentaráðsliða um að hafa sjálfsafgreiðslukassa í Hámu. Sniðug hugmynd en fer mjög mikið eftir fjárhagnum og aðstæðum, og stjórn hefur helst verið að leggja áherslu á að halda starfsemi gangandi í faraldrinum. Þegar lægir væri þetta hugmynd sem vert væri að skoða.
 - ii. Spurt er um verðlag í Hámu og hvernig það sé ákvarðað. Elísabet undirstrikar að það sé leitast eftir því að hafa verðlag ekki of hátt enda er aðalmarkmið FS að reka allt í núlli. Verðlag er ákveðið með hliðsjón af rekstrinum t.a.m. ársreikningi. Reynt er að hafa sem minnstu hækkunar í verðlagi og er það ávallt afstaða stjórnar.
 - iii. Velt því upp að það þurfi oft meira pláss á Stúdentakjallaranum og að það þyrfti helst að hafa fleiri kjallara á svæðinu. Brynhildur, Elísabet og Pétur taka undir og segja þessa einingu FS vera ein vel heppnaðasta einingin frá því að kjallarinn var endurreistur.
 - iv. Spurt um bjórinn með stúdentakorti og hvort matvaran sé að niðurgreiða bjórinn. Fulltrúar stúdenta geta ekki beint svarað þessu því þau þekkja ekki vel til en bjóðast til að skoða það. Segja að í þjónustukönnunum séu stúdentar lang oftast á því að bjórinn eigi að vera ódýr og svo skuli hitt fylgja.

f. *Sjá upptöku fyrir alla kynninguna*

5. *Hlé 18:15-18:23*

Intermission

Hjördís Sveinsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri mætir 18:24

Kjartan Ragnarsson mætir 18:25

6. *Ársreikningur Stúdentaráðs 2020-2021 (atkvæðagreiðsla) 18:28-18:42*

The Student Council's annual financial statement 2020-2021

- a. Framkvæmdastjóri 2020-2021 kynnrir ársreikninginn fyrir ráðinu sem er síðan borinn upp til atkvæðagreiðslu.
 - b. Hjördís fer yfir rekstrarreikninginn og fær spurningu varðandi hagnaðinn og hvort ráðið eigi ekki að vera rekið á núlli. Hjördís svarar því að skýrt skuli vera að þetta sé ekki hreinn hagnaður og að þetta tiltekna fjármagn sem eftir stóð starfsárið 2020-2021 sé raunar eftirstöðvar úr Stúdentasjóði. Isabel minnrir á að rætt var um það fjármagn í vor í tengslum við ráðningu sumarstarfsmanns. Hjördís segir fjármagnið eyrnamerkt Stúdentasjóði og færir yfir á næsta ár, þ.e. þetta starfsár 2021-2022. Allt fjármagn sem SHÍ hefur til ráðstöfunar fyrir t.a.m. nefndir og sviðsráð komi úr samstarfssamningum við fyrirtæki. Þjónustusamningurinn við HÍ dekkar launakostnað.
 - c. Hjördís fer yfir efnahagsreikninginn og fær spurningu um Stúdentablaðið og hvort að þýðendur séu að fá greitt fyrir vinnu sína. Vaka Lind svarar því að einn einstaklingur fái greitt fyrir líkt og tíðkast hefur. Anna María kemur inn á það að vinnan að baki sé mikil og ritstjórn leitist eftir því að sjá um þetta sjálf en það sé ekki hægt í öllum tilvikum.
 - d. **Atkvæðagreiðsla: 16 kjósa með ársreikningi og 1 situr hjá. Ársreikningur samþykktur samhljóða.**
7. Tillaga um fæðingarstyrk námsmanna (atkvæðagreiðsla) 18:42-18:55

Proposal on maternity/paternity grant

- a. Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að fyrirkomulag fæðingarstyrkja sé endurskoðað og að greiðslur fæðingarstyrkja námsmanna séu hækkaðar.

*Stúdentaráðsfundur
16. desember 2021*

TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að fyrirkomulag fæðingarstyrkja sé endurskoðað og að greiðslur fæðingarstyrkja námsmanna séu hækkaðar.

Lagt er til afgreiðslu að Stúdentaráð Háskóla Íslands sendi frá sér bréf í samráði við Fjölskyldunefnd SHÍ til Félagsmálaráðuneytisins vegna fyrirkomulags fæðingarstyrkja námsmanna. Markmið bréfsins er að hvetja til endurbóta á núverandi fæðingarstyrkjakerfi og hækunar á fæðingarstyrkjagreiðslum til að

jafna stöðu námsmanna fjölskyldna og fjölskyldna þar sem foreldri er utan vinnumarkaðar.

Rökstuðningur

Þann 1. janúar 2021 tóku ný lög gildi um fæðingarorlofstöku á Íslandi, þar var fæðingarorlof foreldra lengt úr 10 mánuðum í 12 mánuði vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur. Sjálfstæður réttur foreldris til töku fæðingarorlofs og fæðingarstyrks var breytt og nú er réttur hvors foreldris um sig sex mánuðir, með heimild til að framselja sex vikur sín á milli, því getur annað foreldrið tekið fæðingarorlof í allt að sjö og hálfan mánuð en hitt í fjóra og hálfan. Þessi nýju lög eru skref í átt að sanngjarnara kerfi fyrir fjölskyldur á Íslandi. En því miður þá er mikill munur á aðstæðum nýbakaðra foreldra á vinnumarkaði og foreldra í námi. Stúdentar eiga sjaldnast rétt á fæðingarorlofi og treysta því á fæðingarstyrk námsmanna þegar kemur að því að framfleyta fjölskyldu sinni fyrsta árið eftir fæðingu. Fæðingarorlofskerfi Íslands skiptist í fæðingarorlof vinnandi fólks og fæðingarstyrki. Fæðingarstyrkir eru tvenns konar: Fæðingarstyrkur námsmanna og fæðingarstyrkur fólks utan vinnumarkaðs (í undir 25% vinnu). Stúdent á rétt á fæðingarstyrk námsmanna ef hann hefur verið í fullu námi (75% - 100% námi) síðastliðna 12 mánuði og þar af 6 mánuði samfellt. Fæðingarstyrkur námsmanna er 190.747 kr. vegna barna fæddra árið 2021. Ef stúdent mætir ekki fyrrnefndum kröfum um fæðingarstyrk námsmanna þá á hann rétt á fæðingarstyrk fyrir fólk utan vinnumarkaðs. Fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar er 83.233 kr. á mánuði vegna barna fæddra árið 2021. Eins og sést eru upphæðir fæðingarstyrkjanna lágar auk þess að vera skattskyldar. Það má færa rök fyrir því að greiðslur til nýbakaðra foreldra ættu ekki að vera áunnin réttindi foreldris, heldur réttur barns að fjölskylda þess geti lifað í stöðugleika á meðan umönnun þess ætti að vera í forgangi.

Meirihluti flokkanna í framboði til Alþingis nú í haust vildu bæta fæðingarorlofskerfið á Íslandi og nokkrir vildu sjá breytingar á núverandi fæðingarstyrkjakerfi, eins og sjá má á [Samantekt SHÍ á kosningaáherslum flokkanna frá 17. september 2021](#). Fæðingarorlofsmál eru veigamikill málaflokkur sem snertir margar fjölskyldur ár hvert. Í umræðunni um bætt fæðingarorlofskerfi þá er hætta á að foreldrar og fjölskyldur sem treysta á framfærslu fæðingarstyrkja

gleymist. Núverandi skilyrði fyrir fæðingarstyrk námsmanna gefa lítið svigrúm og núverandi fyrirkomulag setur aukalegan þrýsting á námsframvindu stúdenta á viðkvæmum tíma t.d. á meðgöngu eða sængurlegu. Því ætti Stúdentaráð að nýta sína rödd til að hvetja félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra til að endurskoða núverandi kerfi í þágu foreldra í námi og nýfæddra barna þeirra.

Jóna Guðbjörg Ágústsdóttir

Ellen Geirsdóttir Håkansson

b. Opnað er fyrir spurningar frá Stúdentaráði

- i. Ingvar spyr um vinnu Nönnu verkefnastjóra varðandi þetta málefni, hver staðan sé og hvort þetta tvennt skarist á. Isabel svara því að verkefnastjóri sé einmitt að skoða þessi mál og sé að klára skýrsluna um húsnæðismál. Ekki er ljóst hvernig hann skili inn þeim upplýsingum sem liggja fyrir um foreldra í námi en það verður hægt að styðjast við þá vinnu þegar að því kemur.
- ii. Einnig er spurt hvort það sé hægt að ræða þetta á fundi við félagsmálaráðherra þann 13 janúar, sem Isabel kom inná í byrjun fundar. Isabel segir að það sé hægt.
- iii. Þá er spurt hvort þetta mál geti ekki einnig verið meðhöndlað sem hefðbundið mál eitt og sér. Isabel segir að bæði sé hægt og að samspil hvoru tveggja verði gert.
- iv. **Atkvæðagreiðsla: Tillagan er einróma samþykkt.**

8. Önnur mál 18:56-19:00

Other issues - engin önnur mál nema pakkaleikur

a. Pakkaleikur!

9. Fundi slitið 19:00

Meeting ends